

## 269. Stjórnarfundur FEBRANG 9.desember 2025 í Menningarsalnum á Hellu

Mætt voru Finnur Egilsson, Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Svavar Ólafsson, Sigurborg Óskarsdóttir, Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon og Svavar Hauksson. Formaður bað Sigdísi Oddsdóttur að rita fundargerð og lesa síðustu fundargerð.

1. Jólahlaðborðið gekk mjög vel. Gerðar smávægilegar athugasemdir við eftirréttina. Finnur hefur komið þeim athugasemdum á framfæri. Til skoðunar að sleppa eftirréttum og hafa frekar kaffi og konfekt í staðin.
2. Félagsstarf á vorönn. Áætlað er að byrja starfið um miðjan janúar. Spilin byrja á Hvolsvelli 8/1. Handavinna byrjar 14/1. Ákveðið að hafa kínaskák og bingó á Hellu.
3. Línudans er í skoðun, Svavar Ólafsson ætlar að ræða við leiðbeinanda varðandi kennslu. Boccia heldur sínu striki á sama tíma og áður. Boccia byrjar á Hvolsvelli 12/1 og 13/1 á Hellu.
4. Stjórn ræðir um starfsemi öldungaráðs. Stjórn er sammála um að boða formann öldungaráðs og formann héraðsnefndar á fund eftir áramót.
5. Aðalfundur verður í febrúar
6. Önnur mál

Formaður slítur fundi kl 15